

Miðvikudaginn 16. marz 1966.

Nr. 35/1965. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
 gegn
Karólinu Guðlaugsdóttur
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir **Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Lögmenn. Vaxtakrafa viðskiptamanns af innstæðu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1965. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu, en til vara, að honum verði dæmt að greiða henni kr. 9.771.82 án vaxta og málskostnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að henni verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefndu, Karólinu Guðlaugsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 10. nóvember s.l. Það var höfðað með sáttakæru, sem birt var 11. september 1962. Stefnandi er frú Karólína Guðlaugsdóttir, Fornhaga 17, hér í borg, en stefndi Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður.

Dómkröfur:

Af hálfu stefnanda er krafizt greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 29.140.06 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 6. febrúar 1962 til greiðsludags svo og málskostnaðar eftir mati dómsins. Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 9.771.82 án vaxta og málskostnaðar og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir:

Stefndi annaðist á sínum tíma viðamikil lögmannsstörf fyrir stefnanda. Þegar þeim var lokið, gerði hann úr garði skjal, er hann nefndi reikning, dagsett 21. september 1960, og lagði það fyrir stefnanda. Er þar m. a. tilgreint lögmannskaup, samtals kr. 788.789.58. Stefndi hafði tekið við fé inn á reikning stefnanda hjá honum og vildi nú, að því er ráðið verður af reikningnum, greiða henni innstæðu hennar, eftir að m. a. lögmannskaupið hafði verið fært henni til skuldar. Nam innstæðan samkvæmt reikningi þessum kr. 630.948.69. Á reikninginn hefur verið ritað á skrifstofu stefnda: „Ofanrituð fjárhæð er í dag móttækin og kvittast hér með fyrir./ Reykjavík, 22. sept. 1960“. Undir þessa kvittun hefur ekki verið ritað, enda vildi stefnandi ekki samþykkja að greiða stefnda það lögmannskaup, sem á reikningnum er tilgreint. Stefndi greiddi stefnanda fyrrgreindar kr. 630.948.69, en ágreiningur aðilja um upphæð lögmannskaupsins var lagður fyrir gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands með bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 8. nóv. 1960. Málið gekk til stjórnar félagsins, sem lagði úrskurð á það 23. nóvember 1961. Var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti 31. janúar 1962. Þótti hið umdeilda lögmannskaup eiga að vera kr. 502.087.00 eða kr. 286.702.58 lægra en greindi á fyrrnefndum reikningi. Þessa upphæð án vaxta greiddi stefndi umboðsmanni stefnanda 6. febrúar 1962.

Mál þetta er upp komið vegna ágreinings aðilja um, hvort stefnda beri að greiða vexti af kr. 286.702.58 fyrir þann tíma, er aðiljar deildu um upphæð lögmannskaupsins. Er því haldið fram

af hálfu stefnanda, að stefnda beri að greiða henni almenna sparisjóðsvexti og krafa hennar þannig fundin:

9% ársvextir af kr. 286.702.58 frá 22/9 1960—29/12	
1960 (97 dagar)	kr. 6.952.52
7% ársvextir af sömu fjárhæð 29/12 1960— 6/2	
1962 (398 dagar)	— 22.187.54
	<hr/>
	Samtals kr. 29.140.06

Fram er komið, að af hálfu stefnanda var stefndi krafinn um vexti ekki síðar en í nóvemberlok eða í desember 1961. Hinn 22. febrúar 1962 ritaði lögmaður stefnanda stefnda um vextina, og með bréfi, dagsettu 26. febrúar, óskaði stefndi eftir vottorði frá gjaldskrárnefnd Lögmannafélagsins um, eins og segir í bréfinu: „1° hvort mér ber að greiða frú Karólínu Guðlaugsdóttur, Fornhaga 17, hér í borg, nokkra vöxtu af því fé, er ég galt henni 6. þ. m., og 2° ef svo er, þá hversu háa.“

Hinn 16. apríl 1962 afgreiddi gjaldskrárnefndin málið með bókun, þar sem m. a. segir:

„Nefndin telur eftir atvikum rétt, að Magnús Thorlacius hrl. greiði frú Karólínu vexti af umræddri fjárhæð, kr. 286.702.58, frá 8. nóvember 1960 til 6. febrúar 1962 og reiknist þeir jafnir hlaupareikningsvöxtum bankanna, þ. e. 4% p. a. frá 8. nóv. 1960 til 29. des. 1960, en 3% p. a. frá þeim degi til 6. febrúar 1962.“

Undir bókunina rita G. A. Sveinsson hrl. með fyrirvara, Árni Guðjónsson hrl. og Agnar Gústafsson hrl. Hinn 17. sept. s.l. komu lögmenirnir allir fyrir dóm á bæjarþinginu. Þegar Gústaf A. Sveinsson gaf skýrslu á þinginu, var m. a. bókað:

„Stefndi óskar vitnið spurt, hvort hann telji venju hafa skapazt innan lögmannastéttarinnar um þau atriði, sem deilt er um í málinu.

Vitnið kveðst ekki treysta sér til að segja, hvort föst venja hafi myndazt hér að lútandi. Vitnið greinir síðan frá persónulegri skoðun sinni, sem er þessi: „Ég tel lögmonnum óskýlt að svara vöxtum af innheimtufé, ef afreiknað er til viðskiptamanna innan hæfilegs tíma. Verði fyrirsjáanlegur dráttur á afreikningi, tel ég lögmanni skylt að svara hlaupareikningsvöxtum af inneign viðskiptamanns, nema viðskiptamaður óski, að fé sé lagt inn í sparisjóðsbók, enda tel ég þá, að svo beri að gera ella svara

sparisjóðsvöxtum.“ Vitnið kveðst telja, að ýmsir lögmenn hafi þennan hátt á, og sjálfur kveðst hann gera það. Með sparisjóðsvöxtum kveðst vitnið eiga við vexti af almennum sparisjóðsbókum, nema annars sé óskað.“

Síðar á þinginu var enn bókað eftir Gústafi A. Sveinssyni hrl.: „Vitnið kveðst ekki minnst þess, að hann hafi afreiknað nokkru sinni með hlaupareikningsvöxtum. Hins vegar hafi komið fyrir, að hann hafi afreiknað með sparisjóðsvöxtum, en þó oftast vaxtalaust.“

Agnar Gústafsson hrl. sagði m. a., er hann bar vitni á bæjarþinginu, að sér væri ekki kunnugt um venju, sem skapast hefði innan lömannastéttarinnar um það atriði, sem um er deilt í málinu. Árni Guðjónsson hrl. sagði, „að sér væri ekki kunnugt um neitt hliðstætt tilfelli og því enga venju.“

Í máli þessu hafa verið lögð fram skjöl, sem bera með sér, að hinn 26. maí s.l. ritaði Kristján Jónsson, borgardómari í Reykjavík, stjórn Lögmannafélags Íslands bréf vegna annars bæjarþingsmáls (máls nr. 2383/1963). Í bréfinu voru bornar upp þessar spurningar:

- I. Hefur Lögmannafélagið gert nokkra sérsamninga við íslenskar lánastofnanir um varðveislu og ávöxtun geymslufjár?
- II. Eru til nokkrar viðteknar reglur um það, hvernig lögmönnum beri að ávaxta innheimtufé fyrir skjólstæðinga sína og ef svo er ekki, hvað er þá almenn venja?
- III. Á hvern hátt teljið þér eðlilegast að lögmenn ávaxti innheimtufé, sem líkur benda til, að þurfi að vera um lengri tíma í vörzlu lögmanns?

Hinn 27. maí ritaði Ágúst Fjeldsted f. h. stjórnar Lögmannafélagsins svarbréf, þar sem segir:

„Stjórnin svarar fyrirspurnum yðar þannig:

- I. Nei.
- II. Það mun almenn venja að greiða ekki vexti af innheimtufé, meðan það er í vörzlu lögmanns.
- III. Rísi ágreiningur um það, hver eigi innheimtufé í vörzlu lögmanna, hefur stjórnin litið svo á, að rétt sé að „deponera“ fénu í banka.“

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það sé grundvallarregla í íslenskum rétti, að menn eigi að svara vöxtum af fé, er þeir varðveita fyrir aðra einhverra hluta vegna. Komi reglan

fram í ýmsum lögum, svo sem lögum nr. 58/1960. Er því haldið fram, að um það þurfi sérstaka samninga, ef ekki eigi að greiða vexti.

Þá er því enn fremur haldið fram til stuðnings kröfu stefnanda, að hún hafi orðið fyrir tjóni, sem stefndi hafi valdið með ólögmetum og saknæmum hætti. Ólögmett hafi verið að krefjast of mikils lögmannaþess og saknæmt að sýna af sér gáleysi við kröfugerðum hennar, eins og stefndi hafi gert. Það hafi komið fram í dómi Hæstaréttar, að stefnandi hafi átt kr. 286.702.58, sem verið hafi í vörzlum stefnda og hann ekki viljað láta af hendi, allt frá því að hann vildi gera upp við stefnanda 22. september 1960 og til 6. febrúar 1962. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af því að hafa ekki féð í sínum vörzlum þennan tíma og nemi það tjón a. m. k. sparisjóðsvöxtum. Beri stefnda að bæta þetta tjón eftir reglum skaðabótaréttar.

Stefndi mótmælir því, að það sé regla í íslenskum rétti, að menn eigi jafnan að greiða vexti af fé, sem síðar kemur fram, að er annars eign en þess, sem það hefur í vörzlum sínum. Slíka reglu sé hvergi að finna í settum lögum eða öðrum réttarheimildum, enda beri t. d. lög nr. 58/1960 með sér, að ekki beri jafnan að greiða vexti af skuldum. Heldur stefndi því fram, að það fari eftir atvikum hverju sinni, hvort greiða beri vexti og hafi viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur verið þannig, að honum sé óskyldt að greiða vexti af áðurnefndum kr. 286.702.58

Stefndi mótmælir því, að það sé venja, að fé, sem lögmenn geyma fyrir skjólstaðinga sína, sé komið fyrir í banka sem geymslufé, ef upp komi ágreiningur um rétt til þess. Þá hafi og ekki getað komið til slíks í þessu tilviki, þar sem alger óvissa hafi verið um, hve hárrí fjárhæð hefði átt að koma fyrir í vörzlum banka. Þá skýrir stefndi svo frá, og er þeirri skýrslu ekki mótmælt, að engin krafa hafi verið gerð um, að hann legði fé í banka með þessum hætti. Heldur stefndi því fram, að það sé venja meðal lögmanna, að þeir greiði ekki vexti af fé, sem þeir varðveita fyrir viðskiptamenn sína, nema þess sé krafizt, að féð sé sett á vöxtu.

Stefndi mótmælir því, að honum beri að greiða hina umdeildu vexti á grundvelli almennra reglna um skaðabætur. Vanti bæði hlutlæg og huglæg skilyrði til þess, að skaðabætur verði dæmdar. Honum hafi verið rétt og heimilt að áskilja sér þóknun fyrir störf sín í þágu stefnanda. Upphæð þeirrar þóknunar hafi hann tilgreint í hinum svonefnda reikningi frá 21. september

1960, sem þó hafi aðeins verið tillaga um uppgjör á viðskiptum aðilja. Stefnandi eða lögmaður hennar hafi ekki gert gagntilögu og ekki legið ljóst fyrir, hvað fyrir þeim vakti. Bréf lögmanns stefnanda hafi ekki komið til stjórnar Lögmannafélagsins fyrir en 20. desember 1960 og þá ekki gerðar ákveðnar kröfur, heldur krafizt stórfelldrar, ótilgreindrar lækkunar. Síðar hafi af hálfu stefnanda verið gerðar fyrir stjórn félagsins kröfur, sem hafi verið mun fjær því, sem síðar var talið rétt lögmannskaup, en sú fjárhæð, sem skráð var á „reikninginn“ frá 21. september 1960. Stefndi mótmælir því, að hann hafi krafizt of mikils lögmannskaups og kveðst hafa verið í góðri trú um, að það væri réttilega tilgreint á fyrrnefndum „reikningi“. Bendir hann í því sambandi á, að gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands taldi í bókum 19. febrúar 1960, að málsfjárhæð í dómsmáli, sem stefndi flutti fyrir stefnanda, væri kr. 5½ milljón, eða helmingi hærri en síðar var talið af stjórn Lögmannafélagsins og Hæstarétti. Þóknun fyrir flutning máls þessa var hluti af hinu umdeilda lögmannskaupi, og kveðst stefndi hafa talið eðlilegt og rétt að miða um þetta atriði við álit gjaldskrárnefndarinnar, þegar hann samdi „reikninginn“ frá 21. september 1960, enda gekk úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins ekki fyrir en síðar, eins og áður er fram komið.

Stefndi heldur því fram, að hinn eini grundvöllur, sem hugsanlegt væri að byggja á kröfu stefnanda, sé auðgunarregla. Hann telur, að slík regla hljóti að gilda í vissum tilvikum. Hins vegar beri ekki að greiða vexti af fé, sem mönnum er dæmt að greiða með stoð í auðgunarreglu, sbr. 5. grein laga um hefð nr. 46/1905. Í öllu falli verði að skilja þá grein þannig, að vexti eigi ekki að greiða nema frá upphafi málssóknar. Er varakrafa stefnda á því byggð, að honum verði gert að greiða hlaupareikningsvexti frá 20. desember 1960.

Álit dómara:

Í máli þessu liggur ekki fyrir að skera úr um skyldu til vaxta-greiðslu á þeim tíma, er stefndi vann lögmannsstörf fyrir stefnanda. Sá tími, sem krafizt er vaxta fyrir, hófst, er þessum störfum var lokið og komið var að því, að viðskipti aðilja yrðu gerð upp.

Stefndi hafði tekið við fé inn á reikning stefnanda hjá honum. Telja má fram komið af skjali því, sem stefndi lagði fyrir stefnanda í september 1960 og nefndi sjálfur reikning, að hann hafi viljað gera upp viðskipti þeirra 22. september. Er rétt að telja

þann dag gjalddaga skuldar stefnda við stefnanda. Það er regla í íslenskum rétti samkvæmt upphafsákvæði 5 greinar laga nr. 58/1960, að kröfuhafar eiga rétt á vöxtum af peningakröfum frá gjalddaga þeirra. Vafi um kröfuupphæðir og aðgerðir, sem fram fara til að fá úr þeim vafa leyst, breyta ekki skyldu skuldara til vaxtagreiðslu almennt. Ekki er fram komið í máli þessu, að sérreglur, byggðar á venjum eða öðrum réttarheimildum, leiði til þess, að úr ágreiningi aðilja verði skorið á öðrum grundvelli en eftir hinni almennu reglu í lögum nr. 58/1960. Er þess sérstaklega að geta, að ekki verður talið, að stefnda beri að greiða fjárhæð, sem miðuð sé við auðgun hans af að hafa í sínum vörzlum fé, sem honum var síðar gert skylt að greiða stefnanda.

Vextir þeir, sem stefnda ber að greiða stefnanda, eru almennir vextir, en ekki sparisjóðsvextir, en á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru þessir vextir þó jafnháir. Er stefnda skylt að greiða stefnanda 9% vexti p. a. af kr. 286.702.58 frá 22. september 1960 til 29. desember sama ár og síðan 7% vexti p. a. frá þeim degi til 6. febrúar 1962 af sömu fjárhæð. Er þess að geta, að regla 5. greinar laga nr. 58/1960 um viðmiðun dráttarvaxta við umsamda vexti á hér ekki við. Með tilliti til sýknukröfu stefnda verður að taka tillit til þess, að í útreikningum þeim, sem krafa stefnanda er byggð á, er dagafjöldi síðara tímabilsins oftalinn um einn dag (398 dagar í stað 397), og lækkar því upphæð sú, sem stefnda verður gert að greiða, í kr. 29.084.36 Rétt er, að stefndi greiði 7% vexti p. a. af þessari fjárhæð, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.100.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Hefur uppsagan dregizt vegna forfalla dómara um tveggja vikna skeið.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, greiði stefnanda, frú Karólínu Guðlaugsdóttur, kr. 29.084.36 með 7% vöxtum p. a. frá 6. febrúar 1962 til greiðsludags og kr. 5.100.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.